

## Starfsreglur áhættunefndar Borgunar hf.

### 1. Skipan

Stjórn Borgunar skipar þrjá nefndarmenn í áhættunefnd, þar af tvo stjórnarmenn að lágmarki. Starfsmönnum Borgunar er óheimilt að eiga sæti í nefndinni en heimilt er að leita til utanaðkomandi sérfræðings til að gegna störfum í henni. Nefndarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að móta áhættustefnu og áhættuvilja Borgunar. Meirihluti nefndarmanna skulu vera óháðir félaginu. Fyrsti fundur nefndarinnar á hverju starfsári skal haldinn eigi síðar en á þeim degi sem stjórn félagsins fundar í annað skipti eftir aðalfund. Á fyrsta reglulega fundi nefndarinnar velur nefndin sér formann. Formaður hefur heimild til að koma fram fyrir hönd nefndarinnar á milli funda.

### 2. Áhættustjóri og ritari

Áhættustjóri tekur þátt í öllum fundum nefndarinnar nema annað sé sérstaklega ákveðið.

Nefndin velur sér ritara úr röðum nefndarinnar eða starfsmanna Borgunar. Ritari skráir fundargerð um það sem rætt er á fundum og ákvarðanir sem þar eru teknar. Nefndarmenn, áhættustjóri og ritari skulu undirrita fundargerðir. Hafi nefndarmaður verið fjarstaddur skal hann með áritun á fundargerð staðfesta að hann hafi kynnt sér efni hennar.

### 3. Hlutverk

Hlutverk áhættunefndar Borgunar er lögbundið samkvæmt 78. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og er eftirfarandi:

- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni áhættustýringar Borgunar
- Sinnir ráðgjafa- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn við mótun á áhættustefnu og áhættuvilja félagsins
- Reglubundið mat á áhættu tengdri starfskjarastefnu
- Kanna hvort hvatar sem falist geta í starfskjarastefnu, þar á meðal kaupaukum, samræmist áhættustefnu Borgunar og leggja til úrbætur til stjórnar ef svo er ekki
- Yfirfara hvort kjör á eignum og skuldbindingum, þar á meðal á útlánunum, sem boðin eru viðskiptavinum taki að fullu mið af viðskiptalíkani og áhættustefnu félagsins
- Eftirlit með að engar óeðlilegar hömlur eða skorður séu settar varðandi umfang áhættustýringar og styðja við störf áhættustjóra
- Fylgja eftir úrbótum á annmörkum sem koma fram í úttektum eða við áhættumat
- Önnur mál sem stjórn felur nefndinni að fjalla um

### 4. Starfsáætlun

Formaður nefndarinnar hefur forgöngu um að semja starfsáætlun nefndarinnar fyrir starfsárið þar sem tilgreindar eru dagsetningar funda og helstu verkefnum er raðað á dagskrá.

## 5. Fundir nefndarinnar

Formaður nefndarinnar stýrir fundunum. Nefnd er ákvörðunarbær þegar meirihluti nefndarmanna sækja fundi. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir nefndarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess kostur. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á fundum í öllum málum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Mál sem fellur á jöfnum atkvæðum má taka til umræðu í stjórn félagsins.

## 6. Upplýsingaöflun

Nefndinni er heimilt að leita upplýsinga hjá forstjóra og öðrum starfsmönnum félagsins sem eru nauðsynlegar til að sinna hlutverki sínu. Upplýsingabeiðni skal send með formlegum hætti. Nefndin skal hafa ótakmarkaðan aðgang að upplýsingum sem hún telur nauðsynlegar til að sinna hlutverki sínu.

## 7. Upplýsingagjöf

Stjórn Borgunar skal reglulega upplýst um störf nefndarinnar. Nefndin skal skila skýrslu um störf sín til stjórnar í lok starfsárs og oftár ef þörf krefur. Skrifleg gögn sem lögð eru fyrir á nefndarfundum skulu aðgengileg öllum stjórnarmönnum.

## 8. Starfsreglur

Starfsreglur stjórnar félagsins eiga að öðru leyti við um störf nefndarinnar eftir því sem við á, svo sem varðandi sérstakt hæfi og þagnarskyldu.

Þannig samþykkt á fundi áhættunefndar Borgunar hinn 15. maí 2019



Handwritten signature in blue ink, likely belonging to the chairperson of the committee, with the name 'Elva Jónsdóttir' written below it.